

**Sp.**

**35. Tillaga til þingsályktunar**

**[35. mál]**

um lagningu Vesturlandsvegur.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar ákveða vegarstæði Vesturlandsvegur frá Elliðaám og inn fyrir Kollafjörð og vinna þau undirbúningsstörf önnur, sem nauðsynleg eru, til þess að endurbygging vegarins geti hafizt á næsta sumri.

**Greinargerð.**

Tillögu þessa flutti ég á síðasta þingi, en hún náði þá ekki fram að ganga. Svo-felld greinargerð fylgdi þá tillögunni:

Vegurinn frá Reykjavík og inn fyrir Kollafjörð er annar af tveimur fjölförnustu þjóðvegum landsins. Öll umferð frá höfuðborginni til Vestur-, Norður- og Austurlands, svo og til Þingvalla, er um þennan veg. En auk þess er nærri því allt það byggingarefni, mól og sandur, sem Reykjavík og nálæg sveitarfélög þarfnast, flutt um þennan vegarspotta. Þeir flutningar fara fram á stórum og þungum bifreiðum, svo að vegurinn þolir ekki þetta mikla álag. Þetta er viðurkennt af öllum, er til þekkja, enda er akfæri þessa vegarkafla oftast þannig, að illt er að komast leiðar sinnar eftir honum með skaplegum hætti.

Auk framanritaðs kemur fleira til, er gerir bráðnauðsynlegt, að ákvörðuninni um sjálft vegarstæðið sé ekki lengur slegið á frest.

Í Mosfellshreppi fer byggð ört vaxandi, og ef svo heldur áfram sem horfir, munu rísa þar upp allstór íbúðahverfi og iðnaðarhverfi, áður en langt um líður. En slíkt krefst skipulags í hreppnum, sem ómögulegt er að láta gera, fyrr en vitað er, hvar aðalumferðaræðin á að liggja.

Þessi vöntun á skipulagi háir nú allri uppbyggingu í Mosfellssveit til stórtjóns fyrir hreppsbúa.

Hvort sem nýr vegur verður lagður á þessari leið eða gamli vegurinn endurbyggður, með óhjákvæmilegum breytingum á nokkrum köflum, er það aðkallandi, að annað hvort verði gert strax og vegarstæðið sjálft ákveðið, svo að uppbyggingin í Mosfellssveit þurfi ekki frekar að tefjast af þeirri ástæðu.